

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

14.10.2022
2022-09-42/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um matsskyldufyrirspurn vegna vindmylla við Lagarfossvirkjun

Landsneti barst, þann 13. september 2022, beiðni um að veita umsögn um matsskyldufyrirspurn vegna fyrirhugaðra vindmylla við Lagarfossvirkjun. Umsagnafrestur er til 13. október 2022.

Landsnet hefur farið yfir gögnin sem fylgdu erindinu. Hlutverk Landsnets er með lögum nr. 65/2003 að annast flutning raforku og kerfisstjórnun.

Landsnet bendir á að Lagarfosslína 1 liggur á milli fyrirhugaðra vindmylla. Línan er 66 kV loftlína að skurðbakka Lagarfossvirkjunar þar sem endamastur hennar stendur. Þaðan liggur línan í jarðstreng neðan vegslóða að tengivirki Lagarfoss. Samkvæmt mynd 2.4. í matsskyldufyrirspurninni verður önnur vindmyllan staðsett um 215 m norðan loftlínunnar og hin um 190 m sunnan hennar. Fyrirhugaður vegur að vinnuplani og jarðstrengur frá vindmyllum munu liggja um núverandi vegslóða undir línunni, næst endastæðu hennar. Í kaflanum er fjallað um þungaflutninga vegna framkvæmda og að allar aðgerðir vegna þeirra verði unnar í samráði við Vegagerðina. Landsnet bendir á að leyfi fyrirtækisins þarf vegna vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri.

Landnet telur mikilvægt að umfjöllun verði um hvort og hversu mikil áhætta er af staðsetningu og rekstri vindmylla svo nálægt háspennulínunni s.s. vegna flutninga vindmyllueininga, efnisflutninga, strenglöggn og vinnu nærri henni. Einnig m.t.t. veðurfarslegra áhrifa svo sem mögulegs ískasts og myndun vindstrengja frá vindmyllunum sem geti haft áhrif á rekstur loftlínunnar og mastra. Við endanlega verkhönnun þarf að vera búið að ganga úr skugga um að tilhögun vindmyllanna ógni ekki afhendingaröryggi og að persónuöryggi verði tryggt á framkvæmda- og rekstartíma þeirra.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. október 2022
Tilvísun: OS2022090025/22.1
Verknúmer: 209070

Efni: Umsögn Orkustofnunar um matskyldufyrirspurn Skipulagsstofnunar vegna vindmylla við Lagarfoss.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags. þann 14. september sl., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar um matsskyldufyrirspurn fyrir tvær vindmyllur Orkusölnunnar við Lagarfoss í Fljótsdalshérdi, í samræmi 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Óskað var eftir athugasemdum eigi síðar en þann 13. október 2022, en frestur var framlengdur að beiðni Orkustofnunar til 20. október 2022.

Samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum er þess óskað að Orkustofnun gefi umsögn um það, eftir því sem við á, hvort Orkustofnun telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Orkustofnun telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hennar mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga, nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver og afmarkar framangreint lagaákvæði stjórnsýslulega aðkomu Orkustofnunar að umræddri framkvæmd á síðari stigum.

Sérfræðingar Orkustofnunar hafa farið yfir gögn ofangreindar framkvæmdar fyrir vindmyllurnar tvær við Lagarfoss í Fljótsdalshérdæði og hafa eftirfarandi athugasemdir við mögulega framkvæmd þessa:

Samkvæmt skýrslu sem fylgdi með erindi Skipulagsstofnunar um framkvæmdina, kemur fram að settar verði upp tvær 4-5 MW vindmyllur, og að uppsett afl verði allt að 9,9 MW. Framkvæmdin fellur því innan flokks B í ofangreindum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, skv. lið 3.16 í viðauka 1.

Nú er það svo að vindorkuver, 10 MW eða stærri falla sjálfkrafa í flokk A, og eru alltaf háð umhverfismati samkvæmt ofangreindum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, ásamt því að falla undir lög nr. 48/2011 um rammaáætlun. Nýlega var lögum um rammaáætlun breytt þannig að stækkanir á virkjunum falli ekki undir rammaáætlun, nema í undantekningartilvikum. Skv. stjórnarfrumvarpi vegna þessarar breytingar eru slík tilvik „þegar áður óröskuðu svæði er raskað af viðkomandi virkjun eða ef umrædd virkjun, sem fyrir stækkun náði ekki stærðarmörkum rammaáætlunar og féll því ekki undir lögum, nær þeim mörkum eftir stækkun að uppsett raf afl verður 10 MW eða meira eða uppsett varmafl verður 50 MW eða meira“. Orkustofnun bendir því á að ef til stækkunar kæmi þá þyrfti þessi virkjanakostur að fara í gegnum ferli rammaáætlunar.

Orkustofnun bendir jafnframt á að umsóknir um virkjunarleyfi til vindorkunýtingar lúta sambærilegum kröfum og stofnunin gerir vegna virkjunar annarra auðlinda. Þá gerir stofnunin kröfu um að við umsókn um virkjunarleyfi liggi fyrir m.a. rannsóknir á viðkomandi virkjunarkosti er varða hönnunarforsendur, þ.m.t. stærðarforsendur. Veltir stofnunin því upp hvort framkvæmdaraðili hafi metið kosti og galla minni eða aukinnar framleiðslugetu virkjunarkostar í ljósi þess að markmið framkvæmdarinnar sé, skv. kafla 1.2. í framlögðum gögnum, að „öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla og tryggja

fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar“. Telur Orkustofnun því nauðsynlegt að framkvæmdaraðilar rökstyðji betur hvernig og hvers vegna niðurstaðan hafi verið 9,9 MW virkjun.

Orkustofnun tekur fram að framangreindar ábendingar miða við atriði sem stofnunin telur að þurfi að liggja fyrir áður en umsókn um virkjunarleyfi berst stofnuninni, ef af verður. Stofnunin bendir jafnframt á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Skipulagstofnun, er að því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra

S. Rakel Guðjónsdóttir
Sylvía Rakel Guðjónsdóttir

Marta Rós Karlsdóttir
Marta Rós Karlsdóttir



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpvaggi

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7 b
105 Reykjavík

Djúpivogur, 14. október 2022
MÍ202210-0040/ 6.07 / Þ.E.H.

Efni: Vindmyllur við Lagarfoss- mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf Skipulagsstofnunar frá 13. september s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi var greinargerð, dags. 06.09.2022.

Orkusalan hefur hug á því að setja upp tvær vindmyllur við Lagarfossvirkjun innan sveitarfélagsins Múlaþings. Markmið framkvæmdarinnar er að öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla og tryggja fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar. Svæðið þar sem fyrirhugað er að reisa vindmyllurnar er við Lagarfossvirkjun en í tengslum við virkjanaframkvæmdir þar síðustu ár er búið að koma upp nokkrum orkutengdum mannvirkjum, s.s. stíflu, aðveituskurði og stöðvarhúsi. Aðkoma að svæðinu er um Borgarfjarðarveg og Lagarfossveg en einnig er hægt að koma að svæðinu úr vestri um Hróarstunguveg og yfir Lagarfljótið við Lagarfossvirkjun.

Vindmyllurnar verða reistar um 2-300 m austan við Lagarfossveg og er mastur þeirra allt að 110m hátt röramastur. Undirstaða þess er að öllu líkindum steipt og er allt að 25m í þvermál. Spaðar vindmyllu eru þrjár og er heildarþvermál þeirra allt að 140m. Þegar spaði fer hvað hæst getur heildarhæð vindmyllu náð allt að 160m, háð ýmsum forsendum. Tveir 11kV jarðstrengir verða lagðir frá aðveitustöð að vindmyllunum meðfram vegslóð.

Vindmyllunum verður líklega landað í Reyðarfirði og fluttar þaðan landleiðina. Sumar einingar þeirra eru langar og þarf að huga að þremur stöðum á leiðinni þar sem bregðast þarf við sökum þess, s.s. taka niður ljósastaura, þjappa mól utan í vegkannt og nýta báðar akreinar.

Í gildandi aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I3 en einnig er í gildi deiliskipulag fyrir það frá árinu 2005. Unnið er að breytingu á því þar sem gert er ráð fyrir vindmyllunum tveim.

Fjallað er um fornleifar í kafla 3.8 í greinargerðinni. Eins og þar kemur fram liggur fyrir skýrsla Fornleifafræðistofunnar frá árinu 2019; *Fornleifaskráning við Lagarfljótsvirkjun vegna fyrirhugaðra vindmylla.*

**Þuríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Einn minjastaður var skráður innan svæðisins en það er garður sem mögulega kann að vera landamerkjagarður frá 10-11. öld. Hann er staðsettur nyrst á lóð Orkusölunnar og nær að hluta til einnig utan lóðar. SV-endi garðsins er talinn hafa farið undir framkvæmdarsvæði.

Á mynd 3.12 í greinargerðinni má sjá staðsetningu garðsins en auk þess kemur þar fram að garðurinn er staðsettur í um 120m fjarlægð frá nyrðri vindmyllunni og að honum og umhverfi hans verði ekki raskað. Áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornminjar séu því metin engin þar sem þær eru að mestu utan framkvæmdarsvæðis.

Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi gögn um fornleifar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindar framkvæmdar og um áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

*Afrit sent í tölvupósti:
Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)*

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. október 2022
Málsnúmer: 202209-0008
BK/OKV

Efni: Vindmyllur við Lagarfoss

Vísað er til tölvubréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 13. september 2022, þar sem óskað eftir að Náttúrufræðistofnun Íslands veiti umsögn um greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna tveggja vindmylla við Lagarfoss, í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021.

Svæðið sem um ræðir er við Lagarfossvirkjun í Lagarfljóti í Múlþingi. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis sem er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði og hefur verið tilnefnt á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár af Náttúrufræðistofnun Íslands vegna vistgerða á landi, fugla og sela. Þá er það einnig innan svæðis nr. 649 á náttúruminjaskrá, *Gláma og nágrenni*.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Víðáttumikla blá, en flóar eru gjarna nefndir blár á Austurlandi, er að finna í grennd við Lagarfossvirkjun. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ eru blárnar á Úthéraði flokkaðar sem tjarnarstararflóavist, sem er forblaut vistgerð með tjarnarstör (einnig nefnd blástör) ríkjandi eða einkennandi tegund. Kemur það heim og saman við lýsingar Helga Hallgrímssonar í náttúrmæraskrá Fljótsdalshéraðs (<https://geo.alta.is/nms/?z=13.12&lat=65.50959931&lng=-14.35597043>). Verndargildi tjarnarstararflóa er mjög hátt og er vistgerðin á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Í votlendinu eru þurrari rimar sem í vaxa lyng og smárunnar. Næst virkjuninni hefur votlendinu líklega verið raskað að einhverju leyti. Austan Lagarfossvirkjunar eru tvö smávötn í blánni og suður af þeim er framræsluskurður. Sunnan skurðarins er líklega um að ræða runnamýravist. Nær fljótinu er land nokkuð þurrara og þar eru að líkindum mólendisvistgerðir og víðikjarr sunnan virkjunarhúss en votlendisblettir inn á milli.

Áætlað er að vindmyllurnar tvær muni rísa annars vegar norðan áður nefnds framræsluskurðar, rétt vestur af vötnunum tveimur, og hins vegar nær fljóti suður af stöðvarhúsum. Þar sem mælikvarði vistgerðakorts NÍ er 1:25 000 er kortið ekki hentugt til að meta hvaða vistgerðir finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, auk þess að töluverð óvissa er í vistgerðakortinu og þá einkum hvað votlendisvistgerðir varðar (sbr. texta á bls. 22 í Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Sem dæmi er afar ólíklegt að við nyrðri mylluna finnist hraungambravist inni í votlendinu (sbr. umfjöllun á bls. 18 í greinargerð Eflu). Rask og framræsla getur vissulega haft áhrif á tegundasamsetningu en mestar líkur eru á að þarna sé enn votlendi eða að hluta deiglendi. Nyrðri myllan mun því að líkindum standa í votlendi og mundi því raska syðsta hluta tjarnarstararbláarinnar og því vot- eða deiglendi sem er nær framræsluskurði. Syðri myllan er að líkindum í þurrara landi, þ.e. víðiríku mólendi, víðikjarrvist og/eða runnamýravist. Eru bæði víðikjarrvist og runnamýravist metnar með mjög hátt verndargildi og eru þær á lista



Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Þrátt fyrir að vindmyllustæðin tvö séu í grennd við Lagarfossvirkjun og landi hafi verið raskað þar í grennd er líklegt að vindmyllustæðin muni raska heillegum vistgerðum með mjög hátt verndargildi og umtalsverðu votlendi.

Vindmyllur geta haft verulega neikvæð áhrif á fuglalíf og er afar brýnt að vanda staðarval vel með tilliti til þess. Áflug fugla er þar þekktur vandi en einnig getur verið um að ræða búsvæðatap (Drewitt og Langston 2006). Á það bæði við beint búsvæðatap vegna þess svæðis sem fer undir mannvirkin en einnig óbeint í gegnum jaðaráhrif mannvirkjanna sem lýsir sér þannig að þéttleiki fugla nær þeim er lægri en fjær (Drewitt og Langston 2006, Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Þannig getur búsvæðatapið verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu.

Í niðurstöðu greinargerðar Eflu er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á fuglalíf séu óveruleg og er þar sérstaklega horft til niðurstaðna mælinga við Búrfellslund. Í skýrslu Náttúrustofu Norðausturlands (Aðalsteinn Ö. Snæþórsson o.fl. 2015) kemur fram að rannsóknarsvæðið við Búrfellslund einkennist af tegundafæð og lágum þéttleika varpfugla enda svæðið lítt gróið og nokkuð hátt í landi.

Úthérað er aftur á móti á láglandi og einkennist fuglalíf þar af mikilli tegundafjölbreytni og háum varpþéttleika. Þar er mikill fjöldi vatnafugla sem eru meðal þeirra fuglahópa sem sérstaklega er hætt við áflugi. Má þar t.d. nefna þétt varp lóma og grágæsa. Þá er svæðið mikilvægt varpsvæði fyrir skúm, sem er á valista sem tegund í bráðri hættu, sem og kjóa, sem einnig er á valista sem tegund í hættu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Auk þess er þéttleiki vaðfugla á svæðinu hár.

Sé einungis horft til næsta nágrennis fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis þá eru, auk Lagarfljóts, vötn og votlendi beggja megin fljótsins svo það má vænta mikillar umferðar fugla á svæðinu.

Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður mælinga við Búrfellslund yfir á Úthérað þar sem aðstæður eru gjörólíkar og beindust athuganir við Búrfellslund fyrst og fremst að flugi fugla á fartíma en á Úthéraði má, auk umferðar á fartíma, búast við margfalt meiri umferð staðbundinna varpfugla yfir sumartímamann sem og sýniflugi vaðfugla.

Þá eru ótalin þau ásýndaráhrif sem vindmyllur á Úthéraði myndu hafa á svæðinu, bæði á láglandi og á útsýnissvæðum yfir Úthérað eins og á Hellisheiði eystra og í Vatnsskarði eystra en það má segja að Úthérað sé eitt af stærstu, tiltölulega lítið snortnu svæðum á láglandi Íslands. Náttúruþerlan Stóruð í Dyrfjöllum, sem nú er friðlýst svæði, er steinsnar frá og á Borgarfirði og Víkum er náttúrutengd ferðapjónusta mikilvægur atvinnuvegur. Verða myllurnar vel sýnilegar öllum þeim sem fara þar austur í Borgarfjörð eða í Stóruð. Töluverðar líkur eru á að vindmyllugarður á Úthéraði hefði neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna.

Hér er um að ræða umtalsverða framkvæmd á viðkvæmu svæði sem er gífurlega verðmætt af náttúruminum og er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár. Það er afdráttarlaus skoðun Náttúrufræðistofnunar Íslands að fyllstu varúðar eigi að vera gætt og framkvæmdin skuli því fara í umhverfismat.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum málsins



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið

Heimildir:

Aðalsteinn Örn Snæþórsson, Ib Krag Petersen, Thorsten J. Skovbjerg Balsby, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson 2015. Fuglar og vindmyllur í Búrfellslundi. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1504. Húsavík: Náttúrustofa Norðausturlands. https://mna.is/wp-content/uploads/2021/06/NNA1504_Fuglar_og_vindmyllur_i_Burfellslundi_LOKA.pdf

Drewitt, A.L. & Langston, R.H.W. 2006. Assessing the impacts of wind farms on birds. Ibis, 148, 29-42.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s. https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf

Náttúrufræðistofnun Íslands 2018. Válisti fugla. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>

Náttúrumæraskrá Helga Hallgrímssonar. Kortasjá Alta: <https://geo.alta.is/nms/>

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.



Skipulagsstofnun
Bt. Þórdísar Stells Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Dags. 12.10.2022
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2022-0167

Með erindi dags. 13. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um matskyldu framkvæmdar við að reisa vindmyllur við Lagarfossvirkjun.

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við greinargerðina.

Virðingarfyllt,



Árni Snorrason
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. október 2022
UST202209-116/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - Vindmyllur við Lagarfossvirkjun. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að reisa tvær vindmyllur á iðnaðarlóð við Lagarfossvirkjun. Hæð miðað við efstu stöðu spaða er 160 m og munu þær framleiða allt að 9,9 MW. Stutt er í tengivirki við Lagarfossvirkjun og verða lagðir jarðstrengir frá tengivirkinu að vindmyllunum.

Umhverfisstofnun vill benda á að matsskylda vindmylla miðist við 10 MW samtals. Leiða má líkum að því að betra væri að líta til annarra þátta þegar um vindmyllur er að ræða. Helstu umhverfisáhrif þessara mannvirkja eru sjónræn áhrif og möguleg áhrif á fugla og skerðing á víðernum þar sem það á við. Umhverfisstofnun telur að ef unnt væri að framleiða meira með jafn háum vindmyllum ætti frekar að nýta þessi mannvirki til hins ítrasta og binda ekki matsskyldu við 10 MW.

Í umsögnum um sambærileg mannvirki hefur Umhverfisstofnun talið að betra væri að staðsetja þessi mannvirki á núverandi orkuvinnslusvæðum þannig að innviðir sem þegar eru til staðar, s.s. tengivirki og háspennulínur, nýtist og þannig að ef framleiðslan kallar á nýjar línur þá komi þær til viðbótar háspennulínunum sem þegar eru til staðar. Æskilegt er að setja sem flestar vindmyllur á þessi svæði í stað þess að dreifa vindmyllugörðum um allt land. Umhverfisstofnun hefur bent á að Hafið við Búrfell henti vel þegar að því kemur að staðsetja þar fjölda vindmylla. Skoða ætti hvort slíkt henti einnig við Blönduvirkjun. Umhverfisstofnun telur að við mat á umhverfisáhrifum vindmyllugarða hefur verið tilhneiging til að draga úr afleiddum áhrifum þessara mannvirkja og hér er átt m.a. við aðkomuvegi, tengingar við dreifikerfi og hvort þörf sé á algerlega nýjum háspennulínunum þar sem slík mannvirki eru ófullkomin eða ekki til staðar. Almennt má segja að þar sem innviðir eru veikburða þolir dreifikerfið minna af jarðstrengjum en staðir þar sem kerfið er öflugt eins og á Þjórsársvæðinu. Í greinargerð er góð umfjöllun um erfiðleika sem fylgja flutningi vindmylluhluta um vegakerfi landsins. Gerð er grein fyrir að á nokkrum stöðum þarf að víkka beygjur, fjarlægja ljósastaura o.fl. til að koma vindmyllum frá Reyðarfjarðarhöfn að Lagarfossvirkjun. Fleiri framkvæmdaaðilar ættu að gera grein fyrir flutningi vindmylla frá höfn inn á vindmyllugarð eins og hér er gert. Umhverfisstofnun telur að forðast eigi að reisa vindmyllur á svæðum þar sem engin svo stór mannvirki eru til staðar, ófullkomnir innviðir og í sumum tilfellum þar sem

vindmyllugarðar munu skerða víðerni og nauðsynlegt verður að ráðast í mikla uppbyggingu innviða. Slík svæði eiga að vera sísti kostur þegar að staðsetningu slíkra mannvirkja kemur.

Þegar um svo stór mannvirki og vindmyllur er að ræða er staðsetning afgerandi hvað varðar umhverfisáhrif og þá sérstaklega sjónrænu áhrifin og áhrif á landslag. Líklegast felast einu raunhæfu mótvægisáðgerðir og valkostir í því að velja þessum mannvirkjum stað sem liggur lágt í landi og forðast fjöll og hæðir því þar sem mannvirki sem ber við himinn verða mikið sýnilegri en ella.

Varðandi þau mannvirki sem hér um ræðir telur Umhverfisstofnun að mat á umhverfisáhrifum muni vart skila nýjum upplýsingum um áhrif þessara mannvirkja á helstu umhverfisáhrifum sem eru sjónræn áhrif og áhrif vegna áflugs. Gerð er ítarleg grein fyrir sjónrænum áhrifum. Þær tegundir sem helst eru í hættu vegna þessara mannvirkja eru algengar tegundir eins og gæs og álft og er stuðst við ítarlegar rannsóknir á flugleiðum og flughæð ýmissa tegunda við undirbúning Búrfellslundar árin 2014 og 2019 og í greinargerð segir: „Nýja rannsóknin er varfærin og eru meiri líkur á að afföll vegna áflugs séu ofmetin frekar en vanmetin.“

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að mat á umhverfisáhrifum muni leiða í ljós upplýsingar sem í veigamiklum atriðum muni breyta niðurstöðu sem fram kemur í greinargerðinni og að ekki sé ástæða til að ætla að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur,

Axel Benediktsson,
sérfræðingur



Efni: Vindmyllur við Lagarfoss

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 13. september sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Inngangur

Orkusalan hefur sent matsskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar þar sem áætlað er að setja upp tvær vindmyllur við Lagarfossvirkjun sem framleiða allt að 9,9 MW. Markmiðið með þessari framkvæmd er að öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla og tryggja fjölbreytta, endurnýjanlega orku til framtíðar.

Framkvæmdin fellur í flokk B og er því tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar sbr. tl. 3.16 í 1.viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021.

Fyrirliggjandi kynningarskýrsla gefur ágætt yfirlit um fyrirhugaða framkvæmd en þó eru nokkur atriði sem bent er á í niðurstöðum sem talin eru þarfnast nánari skoðunar.

Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

Eðli framkvæmdar

Gert er ráð fyrir að reisa tvær vindmyllur, samtals allt að 9,9 MW í um 2-300 m fjarlægð austan við Lagarfossveg. Vinnuþlön og spennistöð verða staðsett nær veginum og öðrum mannvirkjum. Mastur (hæð vélarhúss) vindmylla er allt að 110 m hátt röramastur. Undirstaða masturs er að öllum líkindum steypt að mestu leyti og er allt að 25 m í þvermál. Efst á röramastri er framleiðsluhluti vindmyllunnar, þ.e. hverfill og rafall. Spaðar vindmyllu eru þrjár og er heildarþvermál spaða allt að 140 m, háð því hvort einhverjar breytingar verði gerðar á búnaði frá því skipulag er samþykkt, tilskyld leyfi fást og þar til framkvæmd fer af stað. Heildarhæð mannvirkisins getur orðið allt að 160 m. Tveir 11 kV jarðstrengir verði lagðir frá aðveitustöðinni að vindmyllunum meðfram vegslóð.

Staðsetning framkvæmda

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028 sem iðnaðarsvæði 13 við Lagarfossvirkjun. Sveitarstjórn hefur samþykkt að unnin verði breyting á aðalskipulagi samhliða breytingu á gildandi deiliskipulagi Lagarfossvirkjunar sem er frá árinu 2005 vegna áformanna.

Framkvæmdasvæðið tilheyrir svæði nr. 649 á náttúruminjaskrá, *Gláma og nágrenni*, og er jafnframt á B-hluta náttúruminjaskrár og skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Hugsanleg áhrif framkvæmdar

Gerð er athugasemd við að áhrif á fuglalíf séu metin óveruleg. Sérstaklega í ljósi þess að engin rannsókn á fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hefur farið fram sem þó er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Áhrif á gróður eru metin óveruleg þar sem hlutfallslega lítil svæði raskast, eða einungis um 0,8 ha. af grónu svæði.



Engar fornminjar verða fyrir áhrifum af fyrirhuguðum framkvæmdum og áhrif á hljóðvist óveruleg. Sama er uppi á teningnum hvað varðar jarðmyndanir en efnisþörf framkvæmdarinnar eru lítil.

Áhrif á landslag og ásýnd eru metin talsvert neikvæð enda vindmyllurnar mjög áberandi í tiltölulega flötu landslaginu. Bent er á að ekkert er fjallað um sýnileika vindmyllanna frá vinsælum útsýnisstað í Vatnsskarði þar sem víðsýnt er yfir Héraðsflóa og inn til dala. Þaðan er jafnframt upphaf gönguleiðar upp í Stóruð og mikilvægt að greina hvort áhrif séu á þessa staði.

Mat framkvæmdaraðila er að áhrif á verndargildi svæðisins með tilliti til náttúruverndar sé óverulegt þar sem framkvæmdin verði á hlutfallslega litlu landsvæði og svo lítil fjöldi fugla verði fyrir áhrifum. Eins og áður hefur komið fram er gerð athugasemd við þær niðurstöður þar sem engar rannsóknir á fuglalífi á svæðinu hafa farið fram.

Áhrif á ferðapjónustu og ferðamenn eru metin óveruleg á þeim grunni að engir stórir eða fjölsóttir ferðamannastaðir í nágrenninu verði fyrir áhrifum. Gerð er athugasemd við að áhrifin á ferðapjónustu séu metin óveruleg þar sem mikill og vaxandi fjöldi ferðamanna fer um svæðið.

Mótvægisáðgerðir og vöktun

Ekki er gert ráð fyrir sérstökum mótvægisáðgerðum og vöktun vegna mögulegra áhrifa á tiltekna umhverfisþætti í kynningarskýrslu og er það miður sérstaklega í ljósi þess að markmið verkefnisins er meðal annars að „öðlast reynslu og byggja upp þekkingu á rekstri vindmylla“.

Kastað er fram þeirri hugmynd í greinargerðinni að ef neikvæð áhrif á fuglalíf eru metin óásættanleg, væri hægt að mála einn spaða á hvorri vindmyllu svartann en samkvæmt erlendri rannsókn getur það dregið úr áflugum um 70%. Verði verkefnið að veruleika er nauðsynlegt að setja upp vöktunaráætlun vegna mögulegra áhrifa á fuglalíf á svæðinu.

Niðurstaða

Það er mat Múlaþings að gera þyrfti úttekt á fuglalífi á fyrirhuguðu áhrifasvæði áður en lengra er haldið. Rannsókn á fuglalífi vegna Búrfellslundar sem er í 2-300 m.h.y.s er ekki talin veita samanburðarhæfa niðurstöðu ekki síst þegar litið er til þess að svæðið allt er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. Niðurstöður þeirrar úttektar gætu svo legið til grundvallar vöktunaráætlunar.

Það er mat Múlaþings að gera þurfi úttekt á viðhorfi ferðamanna til vindmylla á svæðinu og hvort vindmyllur myndu hafa áhrif á afstöðu til upplifunar þeirra af svæðinu.

Sköða þyrfti betur upplýsingar um efnistökuastaði þar sem sumir þeirra eru fullnýttir og fullfrágengnir með vottun (námur E48, E55 og E88). Jafnframt samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð á fundi sínum þann 21. júní 2022 að ekki yrði áfram gert ráð fyrir námu við Kirkjubæ (E47) í nýju Aðalskipulagi Múlaþings.

Múlaþing leggur áherslu á að gerð verði grein fyrir hvernig búnaður verði tekinn niður og gengið verði frá framkvæmdasvæðinu við lok verkefnis. Einnig verði lagt mat á mögulega mengun frá framkvæmdinni, starfseminni og frágangi við lok hennar.

Múlaþing leggur áherslu á að Isavia verði gefinn kostur á að gefa umsögn.



Múlaþing leggur áherslu á að framkvæmdaaðili kynni íbúum á Úthéraði áformin með dreifibréfi og íbúafundi.

Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Virðingarfyllt,
f.h. Múlaþings

Sóley Valdímarsdóttir.

Sóley Valdímarsdóttir,
f.h. skipulagsfulltrúa



**Pórdís Stella Erlingsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats
Skipulagsstofnun
Borgartún 7b, 105 Reykjavík
thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Vindmyllur við Lagarfoss. Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu vegna tveggja vindmylla við Lagarfoss.

Vegagerðin hefur mótttekið og yfirfarið innsenda greinargerð, sem unnin er af Eflu verkfræðistofu dags 6. 9. 2022.

Vegagerðin gerir ekki athugasemdir að svo stöddu.

Vegagerðin óskar eftir upplýsingum sem geta varðað umferðaröryggi svo sem nálægð framkvæmdasvæðis við vegi, sjónræna truflun fyrir vegfarendur, ískast og möguleika á ókyrrð í lofti.

Vindmyllur eru settar saman úr afar stórum einingum. Gera þarf grein fyrir stærð eininga (turnar, mylluhús, spaðar) sem fyrirhugað er að flytja sem og þeirri leið sem fyrirhugað er að fara með viðkomandi einingar. Lengd og þyngd eininganna þarf að koma fram. Við val á flutningsleið þarf að taka tillit til þéttbýlis, breiddar vega, beygjuradíusa, burðarþols vega og brúa. Eins og fram kemur í greinargerð er búist við að flutningar krefjast breytinga á vegakerfinu af hendi framkvæmdaraðila, hönnun skal fara fram með Vegagerðinni en á kostnað framkvæmdaraðila, hvort sem um er að ræða bráðabirgða-framkvæmd svo sem niðurtekt ljósastaura eða framkvæmd sem getur nýst áfram fyrir almenna umferð.

Síða 1/1

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

28. september 2022

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Vindmyllur við Lagarfoss, umsögn greinargerð með matsskyldufyrirspurn

Með tölvupósti þann 13. september sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands um fyrirhugaða uppsetningu á tveimur vindmyllum við Lagarfoss í Múlaþingi. Til grundvallar var greinargerð með matsskyldufyrirspurn unnin af verkfræðistofunni Eflu, dagsett 6.september 2022.

Í greinargerðinni kemur fram að Orkusalan hyggist reisa tvær vindmyllur við Lagarfoss í Múlaþingi, sem áætlað er að geti framleitt 9,9 MW af raforku. Framkvæmdin fellur þar með undir tölulið 3.16 í viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því í flokki B. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld en ekki sjálfkrafa háð mati á umhverfisáhrifum eins hefði verið raunin ef framleiðslugetan væri 10 MW, eða 1% umfram það sem núverandi áætlanir gera ráð fyrir.

Svæðið sem um er að ræða er skilgreint sem iðnaðarsvæði í aðalskipulagi sveitarfélagsins og unnið er að breytingu á deiliskipulagi svæðisins þannig gert verði ráð fyrir vindmyllum innan þess. Fram kemur að framkvæmdin er innan svæðis 649 á náttúruminjaskrá og jafnframt á svæði sem skilgreint er sem mikilvægt fuglasvæði.

Raforkuframleiðsla með vindmyllum fellur undir tölulið 9.1.1 í X viðauka reglugerðar 550/2018. Starfsemin er því háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands

Vindmyllurnar verða allt að 160m háar, þær munu sjást víða að og gjörbreyta ásýnd svæðisins enda eru áhrif á ásýnd og landslag metin talsvert neikvæð að mati framkvæmdaraðila. Fram kemur að áætlað hljóðstig vegna vindmyllanna verði allt 41-45 db við tvo sumarbústaða í landi Ekru sem eru í um 700 metra fjarlægð frá nyrðri vindmyllunni. Hávaði við bústaðina fer því yfir þau mörk sem tiltekin eru fyrir frístundabyggð í reglugerð um hávaða nr.724/2008 en þau eru 35 db.

Að mati heilbrigðisnefndar er lítið gert úr mögulegum áhrifum hávaða frá starfseminni á nærliggjandi svæðum, með því að láta að því liggja að náttúrulegur hávaði muni yfirgnæfa þann hávaða sem berst frá vindmyllunum. Einnig þarf að leggja mat á það hvort hægt sé að beita mótvægisáðgerðum til þess að draga úr áhrifum hávaða og skuggaflökts við bústaðina í landi Ekru. Séu engar slíkar áðgerðir mögulegar er ljóst að framtíð ferðaþjónustu í landi Ekru er í mikilli óvissu. Þá þarf að mati nefndarinnar að gera mun betur og ítarlegar grein fyrir sýnileika vindmyllanna tveggja en gert er í greinargerðinni.

Að teknu tilliti staðsetningar framkvæmdarinnar, hæðar og sýnileika vindmyllanna og með hliðsjón af afkastagetu þeirra er að mati Heilbrigðisnefndar Austurlands ekki óeðlilegt að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

